LIONS INTERNATIONAL
# LIONS á Íslandi MD-109

---

**„Sérstakt þing“ – (*Special Convention*). Miðvikudaginn 3. maí 2023**
**Umdæmi 109A – kl. 20:00-20:30 Fjölumdæmi MD109 – kl. 20:30-21:00**
**Lionsheimilinu Hlíðasmára,** og sem **fjarfundur**/netfundur (blandaður/*hybrid)*

**Sent klúbbstjórnum**

## Nánari upplýsingar um aukaþingið „Sértakt þing“ (Special Convention)

**Lionsheimilið opnar / Zoom fundurinn opnar Kl. 19:30**

| | | |
|---|---|---|
| **Þing**: | Umdæmi109A | 3. maí **kl. 20:00-20:30** |
| | Fjölumdæmi MD109 | 3. maí **kl. 20:30-21:00** |

**Staður**: **Lionsheimilið Hlíðasmára 14, Kópavogi** (blandaður/hybrid)
**Fjarfundur** Join Zoom Meeting

**Efni:** Kosning á frambjóðanda til alþjóðastjórnarmanns „International Director“ 2023-2025.
Einn frambjóðandi er í kjöri: Halldór Kristjánsson fyrrverandi fjölumdæmisstjóri,
Upplýsingaskjal í viðhengi.

**Dagskrá:** (sams konar dagskrá fyrir bæði þingin)

1. Þingsetning
2. Kynningarræða frambjóðanda
3. Atkvæðagreiðsla
4. Niðurstaða atkvæðagreiðslu
5. Þingi slitið

---

**Skráning**: **Allir félagar eru velkomnir** á "Sérstaka þingið“. Það eru engin skráningargjöld.
Lionsfélagar eru beðnir um að láta vita af þátttöku sinni daginn fyrir þingið,
en einnig má skrá sig við innganginn í Lionsheimilinu, eða á Zoom kl. 19:30.

**Kjörskrá:** Klúbbstjórnir eru beðnar um að tilkynna með tölvupósti fyrir 30. apríl
nöfn og netföng þeirra sem fara með atkvæði klúbbsins, senda sömu upplýsingar í tölvupósti:

Til tæknistjóra Jóns Pálmasonar netfang: jp@verkis.is .

**Atkvæðisréttur**:
Hver klúbbur, sem **er skuldlaus við LCI, umdæmi sitt og fjölumdæmi,** skal eiga rétt á því að senda á þing einn (1) fulltrúa og einn (1) varafulltrúa fyrir hverja tíu (10) félaga, eða meiri hluta þess fjölda, sem hafa verið skráðir félagar í að minnsta kosti eitt ár og einn dag í klúbbnum samkvæmt skrám alþjóðaskrifstofu, fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur kemur á undan þeim mánuði þegar þing er haldið.

| | |
|---|---|
| Minna en 14 félagar = 1 fulltrúi /atkvæði | 15-24 félagar = 2 fulltrúar /atkvæði |
| 25-34 félagar = 3 fulltrúar /atkvæði | 35-44 félagar = 4 fulltrúar /atkvæði o.s.frv. |

---

**Aukaþing** sem í lögunum er kallað **"Sérstakt þing" (*Special Convention*),** hefur ákveðna sérstöðu, þó svo að það þurfi að fylgja meginreglum hefðbundinna þinga. "Sérstakt þing" er aðeins haldið í neyðartilvikum, þar sem taka þarf mikilvæga ákvörðun með samþykki klúbba, en getur ekki beðið til næsta hefðbundna þings.

**Sömu reglur gilda** um "Sérstakt þing" og hefðbundið þing, m.a. um kosningarétt og kjörgengi.
Sumt verður þó öðruvísi og einfaldara í framkvæmd, m.a. þar sem allir tímafrestir eru styttri.

Sérstaka þingið" og hefðbundna þingið alveg óháð hvort öðru.
Sömu fulltrúar geta verið á báðum þingunum, eða klúbburinn velur einhverja aðra.